Pilsapyhu Kvennalista
1991

„...AUKA HAGVÖXT, BÆTA LÍFSKJÖR...“

Hagvöxtur er, þegar þjóðarframleiðsla á mann eykst. Til þjóðarframleiðslu telst sú framleiðsla og vinna sem greitt er fyrir með peningum. Þannig mæla þjóðarframleiðsla og hagvöxtur fyrst og fremst veltu peninga.

Hagvöxtur hefur verið hinn algildi mælikvarði á framfarir og velmegun í heiminum og keppikefli allra ríkisstjórna. Á undanförnum árum hafa þó heyrst gagnrýnisraddir, aðallega frá málsvörum umhverfisverndar, kvenna og svonefndra þróunarlanda. Þeir benda m.a. á:



MEIRI HAGVÖXTUR ER ÞEGAR. .

- Móðir gefur barni pela.
- Bóndi heldur ráðskonu.
- Hús eru brotin niður og ný byggð.
- Við ökum hratt, klessukeyrum bíla og völdum slysum.
- Framleidd er léleg vara sem verður fljótt ónýt og er þá hent og nýir hluti keyptir.
- Keyptur er tilbúinn matur í álbökkum og frauðplasti.
- Keypt er sulta í einnota krukkum.

Óveður eins og það sem gekk yfir Ísland í byrjun febrúar eykur hagvöxt, byggingarefni rennur út og smiðir fá nóg að gera. Og stríðið við Persaflóa, það stóreykur hagvöxt í heiminum. Umbúðir um vörur auka hagvöxt. Atvinna skapast við að hanna þær og framleiða, sala vörunnar eykst og verð hennar hækkar. Umbúðir auka mjög sorp og vinnu við sorphirðu.

MINNI HAGVÖXTUR ER ÞEGAR

- Móðir gefur barni brjóst.
- Bóndi kvænist ráðskonunni sinni.
- Menn halda húsum sínum vel við.
- Við ferðumst gangandi, á reiðhjólum eða ökum varlega.
- Framleidd er vönduð vara og gert við þá hluti sem bila.
- Við eldum matinn okkar sjálf.
- Við ræktum rabarbara og ber, sultum sjálf og notum sömu krukkurnar ár eftir ár.

Verðmætasköpun heimilanna eykur ekki hagvöxt. Kona sem vinnur við að gera umhverfi sitt og fjölskyldu sinnar vistlegt, annast um börn og aldraða, viðheldur menningu, tungumáli, hefðum og siðum, ræktar eigin bú og garð, sinnir framleiðslu sem er borðuð, skitin út, eða slitin út jafnóðum og hún er framleidd, hún eykur ekki hagvöxt með sinni vinnu.

HEIMUR HAGFRÆÐINNAR.

- Auðlindir Jarðar eru óþrjótandi.
- (þjóðar)framleiðsla skal sífellt aukast, þannig að alltaf sé hagvöxtur.
- Veröldinni er líkt við vél sem sett er saman úr dauðum hlutum og vinnur samkvæmt forskrift.
- Kvarði hagfræðinnar hefur eina vídd; peninga.
- Peningaupphæð á vöxtum vex veldisvexti og verður óendanlega stór.
- Þeir sem eiga nógu mikið af peningum á vöxtum geta „látið peningana vinna fyrir sig“ og sífellt eignast meiri peninga án vinnu. Hinir ríku verða ríkari.
- Ríkar þjóðir eyða peningunum í vopn sem þarf að nota og eyðileggja til að búa til ný.
- Stórar, einsleitar heildir eru hagkvæmastar.

VERULEIKINN

- Jörðin hefur ákveðna, takmarkaða stærð.
- Framleiðsla getur ekki aukist endalaust, allur vöxtur er takmarkaður t.d. af rými, efni eða orku.
- Veröldin er sett saman úr lifandi, óútreiknanlegum einingum, hver annarri háð gegnum hringrásir efnis og flæði orku.
- Veröldin er margvíð.
- Veldisvöxtur er andstæður náttúrulegum vexti og í náttúrunni er hann merki um sjúkleika eða dauða, krabbamein vex t.d. skv. veldisvexti.
- Aðeins fólk og hin lifandi náttúra geta skapað verðmæti með vinnu, þeir sem skulda mikið af peningum verða stöðugt að auka vinnuna til að reyna að halda í við skuldirnar sem vaxa veldisvexti. Hinir fátæku verða fátækari.
- Fátækar þjóðir ofbjóða náttúru landa sinna til að framleiða upp í skuldir.
- Fjölbreytni er styrkur

Hagstjórn heimsins stenst ekki. Hún er ógn við mannlíf Jarðar. Hún virðir hvorki náttúrulögmál né árþúsunda gamla menningu. Peningar sópast stöðugt frá þeim sem lítið hafa til hinna sem hafa mikið. Fátæktin og ójöfnuðurinn veldur vanlíðan, streitu, óhamingju, vinnuþrælkun, ofnýtingu, mengun, örvæntingu, græðgi, öfund, illgirni, glæpum, STRÍÐI.

ÓKEYPIS ÞJÓNUSTA, LÍFSGÆÐI UTAN HAGKERFIS

Sólin skín, grasið grær, fuglar syngja.
Ást, heilbrigði, lífsgleði, hamingja.
Regn, gróðurmold, fjölbreytt náttúra.
Barnalán, lífsfylling, siðgæði, þjóðmenning.
Fiskur klekst út, vex og gengur á fiskimið.
Þolinmæði, vinátta, glaðlyndi,. . . . . .

Nýtt gildismat tekur ekki mið af hagvexti heldur því hvort athafnir manna og gjörðir standast, hvort þær eru sjálfbærar, og veiti lífsnægju sál og líkama, manni, konu, barni og Jörð.

SIGRÚN HELGADÓTTIR

Höfundurinn er líf- og umhverfisfræðingur